



Umsögn stjórnar **Geðverndarfélags Íslands (GÍ) um frumvarp til laga** um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, þingskjal **273, 255. mál á 149.** löggjafarþingi.

Stjórn Geðverndarfélagsins telur að kveða eigi skýrt að með réttindi barna sbr. athugasemdir okkar við 1. mgr. 1. tl., 3. gr. þar sem við leggjum áherslu á fortakslausu skyldu en ekki „kannað verði“ eða „huga að.“

Stjórn Geðverndarfélags Íslands leggst gegn þeim breytingum á barnalögum nr. 76/2003 sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og gerir stöðu aðstandenda, t.d. ömmur og afa, jafn rétt háa stöðu foreldra, með atbeina sýslumanns. Stjórn félagsins bendir á að barnarverndarlög taka á vanda við umgengni og umgengnisskyldur.

Stjórn Geðverndarfélagsins telur að meginatriði IV., V. og VI kafla eigi einnig við börn 0-2 ára og því eigi að bæta við kafla sem fjalli um þau.

#### 1. gr.

- Lagt er til að orðin „, eftir því sem við á“ í lok 1. mgr. falli út.
- 1. mgr í 1. töluliður: Í stað orðanna „Kannað verði“ komi „Kanna skal og skrá í sjúkraskrá...“
- Í 2. mgr. 2. efnisgreinar 2. töluliðar falli brott orðin „hugað að því að“ þannig að málsgreinin hefjist þannig: „Sérstaklega skal aðstoða barnið við að fá aðgang...“

#### 3. gr.

Í stað orðanna „huga sérstaklega að“ komi „ tryggja“.

#### 4. gr.

Stjórn GÍ telur nýtt orðalag 1. mgr. 46. gr. óskýrt og ekki að fullu ljóst hvað átt er við.

Lagt er til að 1. mgr. 46. gr. orðist svo: „Ef foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn skal vísa því til barnaverndar.“

Stjórn GÍ telur að 12. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 taki á því sem þessari breytingu er ætla að leysa úr.

#### 7. gr.

- Lagt er til að fyrisögn 22. gr. a verði svo: „*Stuðningur við börn sem aðstandendur.*“ sbr. 1. tl. 27. gr. a í frumvarpi þessu.
- 1. mgr. 7. gr. orðist svo: „Leikskólabörnum, sem eiga *alvarlega veika foreldra* eða missa foreldri skal tryggður viðeigandi stuðningur innan leikskólans í samvinnu við *fagfólk á því sviði* sem hefur mótttekið tilkynningu um *alvarleg veikindi*, andlát foreldris og foreldra eða aðra þá sem annast barnið.“ (breytingar eru skáletraðar).
- Í IV. kafla í frumvarpi þessu vantar ákvæði um börn 0-2 ára.

#### 8. gr.

- Í stað orðanna „eiga langveikt eða deyjandi foreldri“ komi „eiga alvarlega veika foreldra“ sbr. 1 tl. 27. gr. a í frumvarpi þessu.

9. gr.

- Í stað orðanna „eiga langveikt eða deyjandi foreldri“ komi „eiga alvarlega veika foreldra“ sbr. 1 tl. 27. gr. a í frumvarpi þessu.

Reykjavík, 14. mars 2019

---

Gunnlaug Thorlacius  
formaður Geðverndarfélags Íslands